

Gottfried Wilhelm Leibniz. Skyggst um í speki hans

Eitt grundvallarhugtaka þýska sautjándu aldar heimspekingsins, Gottfried Wilhelm Leibniz (1646-1716 - upprunalega trúlega Lubericz, síðar Leibnütz), er „monad“, sem stundum hefur hlotið nafnbótina, faðir þýskrar heimspeki.

Monad merkir eins konar frumeind eða atóm (eind, aleind, rökeind, mónaða), sem hvort tveggja er efni og orka. (Hugtakið (mones á grísku) er rakið til forgríska heimspekingsins, Pýþagorasar.) Skilningur virðist nokkuð á reiki samt sem áður. Vel má skilja GWL svo, að hann hafi hugsað sér, að hinn efnislegi veruleiki væri gerður úr óefnislegum eindum, verundum (mónöðum), sem í sjálfum sér væru eingöngu skynjanir og langanir. GWL svaraði (eftir því sem best er vitað) aldrei, hvernig það mætti vera, að efnið væri gert úr „óefni.“

Í bók sinni, Orðræðu um frumspeki (2004) segir GWL (s. 74): „Nú er í fyrsta lagi alveg augljóst að hinar sköpuðu verundir eiga allt sitt undir Guði sem varðveitir þær og jafnvel skapar þær stöðugt með eins konar útgeislun eins og við sköpum hugsanir okkar. Því að Guð snýr, ef svo má segja, á allar hliðar og á alla vegu hinu almenna kerfi fyrirbæra sem honum þóknast að skapa til að sýna dýrð sína, og horfir á allar ásýndir heimsins á alla mögulega vegu, úr því að alvisku hans sést ekki yfir nein tengsl: en afleiðing sérhverrar sýnar á heiminn, eins og hann er skoðaður frá ákveðnum stað, er verund sem tjáir heiminn samkvæmt þessari sýn, ef Guði þóknast að gera hugsun sína raunverulega og skapa þessa verund. Og þar sem sýn Guðs er alltaf sönn, eru skynjanir okkar það einnig, en dómar okkar stafa frá okkur og villa um fyrir okkur.“

Krafturinn, orkan, er orsök hreyfingar. Orkan er óbreytileg og ævarandi, stýrir í verum, sem lífsanda draga, hreyfingu og hvíld (hér virðist GWL undir áhrifum samtímamanns síns, stærð- og eðlisfræðingsins, Christian Huygens). Fyrirbrigðin skyldu skýrð með lögmálum vél- og orkuhyggjunnar. Grundvöllurinn er hin dýpsta orsök, Guð, sem hefur þann tilgang í sjálfu sér að skapa fullkominn heim. Engu að síður hljóta að verða ágallar á sköpunarverkinu. Þetta er guðréttta („algyðistrú“) (theodice) GWL.

Fyrir tilstilli Guðs verða eindir (substance) til og hverfa. Svo virðist sem sérhver einstaklingur sé tegund í sjálfum sér, sem verund ódeilanleg í heimi óbreytanlegs fjölda verunda. Rúmið er hins vegar talið óraunverulegt. Eindir eru sameining anda og efnis, hinna sönnu frumeindir náttúrunnar. Þær eru orkustöðvar og innbyrðis ólíkar, sjálfum sér nógar, en leita hver fyrir sig eða sameinaðar öðrum, fullkomnunar, enda þótt þær hafi ekki áhrif hver á aðra. Hver og ein situr á sínum hugmyndum eða skynmyndum. Eindin hefur „engan glugga“. Hún endurspeglar alheiminn og aðrar eindir í veröldinni. Guð hefur stillt saman strengi þeirra.

Sem eind Guðs er maðurinn eiginlega einsamall, bókstaflega einstaklingur (eins og GWL reyndar var dæmi um.), hluti af hinum mikla sköpunarsamhljómi Guðs. Enda þótt þar sé allt í föstum skorðum, stendur maðurinn engu að síður frammi fyrir völ í lífinu. Það er meira að segja tilgangur hans. En hvernig samrýmist frjáls völ og nauðhyggja, þ.e. að Guð hafi samræmt allt og gefið samhljóm? Í inngangi (s. 44) að bók Leibniz, Orðræðu um heimspeki (2004), kemst Henry Alexander Henrysson svo að orði:

„Heimspeki Leibniz túlkar þá mögulegu þversögn mannglegrar tilveru að tilgangur okkar sé að nota skynsemina til þess að velja hinn góða möguleika þegar það er í raun tálsyn að við séum að velja milli raunverulegra kosta og þar er Leibniz kominn að ystu mörkum frumspekilegrar viðleitni sinnar. Rökvísi hans komst ekki lengra.“

Frumspeki var að dómi GWL spekin um frumforsendur alheimsins, þ.e. skilningurinn á hinum stórkostlegu „undrum Guðs“, skilningur á hinu óefnislega. Í þessu efni sem öðrum ber að líta á hina fornu heimspeki sem fjársjóð. Því var GFL að sumu leyti á öndverðum meiði við boðendur hinna nýju vísinda þessara tíma eins og t.d. R. Descartes. M.a. gagnrýni hann áherslu á rúmtakið, þ.e. þyngd og hæð og þess háttar. Það lýsti bara broti af eiginleikum hluta, en þeir dygðu þó engan veginn til fullgóðrar útskýringar fyrirbæra. Skoða bæri almennar forsendur hlutanna, sem ristur miklu dýpra heldur en raun virtist bera vitni um. Nauðsynlegt væri að huga að guðdómlegum tengingum þeirra og viskunni. Rúmtak, massi og breyting á staðsetningu gætu með engu móti endurspeglad vísu Guðs, nema til kæmi stefna og kraftur, svonefndar tilgangsorsakir (þ.e. hver sé tilgangur Guðs með hlutinn, veruna) eða áorkan hugans á líkamann. Aðrar orsakir voru áhrifsorsakir, þ.e. þær, sem verkuðu á líkamann.

GWL smíðaði eins konar þróunarkenningu eindanna. Hinar dreymandi eindir eru lægstar í stigveldinu. Þær eru einkum að finna í málmum og plöntum. Í dýrunum gætir hug- eða sáleinda og eindir andans reka lestina. Hann segir í ofangreindu verki (s. 16-157): „[...] hinar sköpuðu verur hafa fullkomleik sinni frá Guði, en að þær hafa ófullkomleika sinn frá eigin eðli, sem getur ekki verið án takmarkana. Því í þessu greinast þær frá Guði.“

Eindirnar verða skýrari því ofar sem komið er í stiganum. Hæsta stig felur í sér hið neðsta, vitundin verður æ skýrari. Því ofar sem er komið, þ.e. frá óskýrri rökkur- eða dimmuvitund til ljósrar eða skýrarr meðvitundar, því þroskaðri er veran. Þróunin verður sem sé frá hinu einfalda í náttúrunni til hins flókna, lifandi veru, mannsins.

„En þekkingin á nauðsynlegum og eilífum sannindum er það sem greinir okkur frá einföldum dýrum og gerir það að verkum að við höfum skynsemina og vísindin, með því að hefja okkur upp til þekkingar á okkur sjálfum og á Guði. Og þetta er það semkallast í okkur skynsemi gædd sál eða hugur,“ segir GWL í tilgreindu verki (s. 154).

Um sál og líkama segir GWL (í áðurgreindu verki): „[...] líkamar eru aðeins gerðir fyrir hugana sem einir geta átt samfélag við guð og lofað dýrð hans. Þannig að um leið og við sjáum að þessi Samræmistilgáta er möguleg, sjáum við einnig að hún er hin skynsamlegasta og gefur undursamlega hugmynd um samhljóm alheimsins og fullkomnun verka Guðs.“ (s. 140)

Og áfram heldur hann: „Líkami sem tilheyrir mónöðu, sem er markvera hans eða sál, myndar ásamt markverunni það sem kalla má lífveru, og ásamt sálinni það sem kallað er dýr. En líkami lífveru eða dýrs er ávallt lífræn heild, því að hver mónaða er með sínum hætti spegill alheimsins og skipan alheimsins er fullkomin, og því hlýtur líka ákveðin skipan að ríkja í því sem birtir hann, þ.e.a.s. í skynjunum sálarinnar, og þar af leiðandi í líkamanum, enda birtist alheimurinn í sálinni eftir líkamanum. Þannig er hver lífrænn líkami lífveru eins konar guðdómleg vél eða náttúruleg sjálfhreyfivél sem tekur óendanlega fram tilbúnum sjálfhreyfivélum.“ (s. 162-163)

„Sálin fylgir eigin lögmálum og líkaminn hefur einnig sín eigin, og þau koma saman í krafti hinnar fyrirfram stilltu samhljóðunnar milli allra verunda úr því að þær birta allar einn og sama

heim. Sálirnar breyta samkvæmt tilgangssörökum út frá löngunum, markmiðum og leiðum. Líkamarnir breyta samkvæmt lögmáli áhrifsorsaka eða hreyfinga. Og ríkin tvö, ríki áhrifsorsaka og ríki tilgangssorsaka, eru samhljóma sín á milli.“ (s. 166)

GWL var hrifinn af rökhendufraði (syllogism) forngríska heimspekingsins, Aristótelesar, og hafði hugmyndir um að móta algilda stærðfraði með rökhendufraði hans sem fyrirmynd og grundvöll. Sömuleiðis aðhylltist hann tilgangs- og markhyggju hans, þ.e. að allt í veröldinni ætti sé tilgang. GWL beitti mótsagnarlögmálinu (law of contradiction – sjá: logic), þ.e. að sú fullyrðing, sem feli í sér mótsögn, sé ósönn.

Trúlega er hann einn upphafsmanna hins svonefnda „lögmáls um fullnægjandi ástæðu,“ sem hann skilgreinir svo í téðu verki (s. 154-155): „[...] en í krafti þess teljum við að engin staðreynd geti verið sönn eða verið til, engin fullyrðing rétt, án þess að fyrir því sé fullnægjandi ástæða hvers vegna svo sé og ekki öðruvísi, jafnvel þótt við séum sjaldnast fær um að þekkja þessar ástæður.“

Um sannindi (s.155): „Sannindi eru einnig tvenns konar, röksannindi og raunsannindi. Röksannindi eru nauðsynleg og andstæða þeirra ómöguleg, raunsannindi eru nauðsynjalaus og andstæða þeirra möguleg. Þegar sannindi eru nauðsynleg, má finna ástæðu þeirra með greiningu, með því að liða þau sundur í einfaldari hugmyndir og sannindi, allt þar til komið er að frumsannindum.“ Trúlega hafa þessi orð orðið innblástur til mótunar svonefndrar rökgreiningarheimspeki (sjá: logic, analytical philosophy), viðleitni til að smíða hugsuninni mótsagnalaust tákni.

“Að þessi greinarmunur skuli vera kominn frá Leibniz er sérstaklega vert að gera enskumælandi áheyrendum ljóst vegna þess að við í þróingsýni okkar þráumst við að eigna hann David Hume. Kenninguna er vissuleg að finna hjá Hume sem sennilega útfærði hana sjálfur á grundvelli vísbendinga frá Locke, en staðreynd er að Leibniz sagði það hálfri öld á undan Hume og sagði það skýrar, og sagði það oftar en einu sinni.” (Bryan Magee. Miklir heimspekingar, Hib 2002, s. 116)

Í siðfræðinni lagði GWL áherslu á nauðsyn skýrrar hugsunar fyrir fullkomleika og hamingju sjálfs sín og annarra. Sömuleiðis boðar hann bjartsýnishugsun og bendir á þau örlög allra manna að skyldu feta svipaða slóð í lífinu, þrátt fyrir einstaklingshyggju sína.

Með orðum GWL (fyrrgreint verk hans): „Sérhver hugur er eins og heimur út af fyrir sig, sjálfum sér nógur, óháður öllum öðrum sköpuðum verum, felur í sér hið óendanlega og tjáir alheiminn, því er hann jafn varanlegur, jafn stöðugur í tilveru sinni og jafn algildur og heimur hinna sköpuðu hluta er sjálfur. Því ber að draga þá ályktun að sérhver hugur ætti alltaf að leika sitt hlutverk á þann hátt sem best er fallinn til þess að vinna að fullkomnun samfélags allra huga sem myndar siðferðilega einingu þeirra í borg Guðs. Hér er einnig ný sönnun á tilveru Guðs og hún er óvenju skýr. Því að þetta fullkomna samræmi svo margra verunda sem hafa ekkert samband hver við aðra gæti aðeins stafað frá sameiginlegri orsök.“ (s. 141)

Allar athafnir eða atburðir eiga sér því útskýrandi ástæðu eða orsök og samskipti verunda býr nánast í eðli þeirra, þær eru „skuldbundnar“ til aðlögunar.

Frelsi felst í því að geta verið maður og hver og einn hefur þá tilhneigingu að velja eins vel og kostur er. Skilgreining á frelsi er því ekki skilyrt því að eiga sér fleiri en einn valkost.

G.F. Leibniz sagði: „Heimspekilegar hugleiðingar mínar eru býsna áþekkar hugleiðingum hinnar látnu greifynju, Conway,...í því, að ég hugsa mér, að allt eigi sér vélrænt stað, ... en engu að síður í samræmi við lífslögmál og samkvæmt tilgangssök – allt er þrungið lífi og vitund.“ (Þýtt eftir: Anfinn Stigen. Tenkningens historie II, Ad Notam Gyldendal, Oslo 1992, s. 488.) (Hér er átt við enska heimspekinginn, Anne (Finch) Conway 1631-1679 – sjá t.d.

[https://en.wikipedia.org/wiki/Anne_Conway_\(philosopher\)](https://en.wikipedia.org/wiki/Anne_Conway_(philosopher)) -
<http://www.whitedragon.org.uk/articles/qblcount.htm>)

Það hefur löngum vafist fyrir guð- og heimspekingum að útskýra illskuna, sem öllum var ljós, í heimi góðinda Guðs. Þýski heimspekingurinn og fjölfræðingurinn, Gottfried Wilhelm Leibniz (1646-1712) bauð m.a. eftirtektarverða guðssönnun, en fyrir hana varð hann að skotspæni franska heimspekingnum og rithöfundinum, Francois Marie Arouet de Voltaire (1694-1778), í skáldsögu hans Birtingi (Candide ou l'optimisme). Í inngangi að íslenskri þýðingu sögunnar eftir Halldór Kiljan Laxness (Hið íslenska bókmenntafélag 1996, s. 17-18), telur Þorsteinn Gylfason, að lögmál GWL, um hina einhlítu eða fullnægjandi ástæðu sé veigamest í sönnuninni. „Þetta lögmál kveður á um að full rök hnígi að sérhverjum sannindum og þar með að sérhver hlutur sé til að fyllilega skynsamlegri ástæðu og því sé skynsamleg skipan á gervöllu sköpunarverkinu. Guð álmáttugur hlaut samkvæmt þessu að hafa einhlíta ástæðu til sérhverrar athafnar sinnar, og þar sem hann var alfullkominn samkvæmt skilgreiningu hlaut ástæðan til sérhverrar athafnar hans að vera hin eina rétta. Ein athafna almættisins var sköpun heimsins á sinni tíð. Hvaða ástæðu skyldi nú drottinn allsherjar hafa haft til annars eins tiltækis? Hvers vegna var hann ekki sjálfum sér nægur í öllum fullkomleikanum? Lá honum kannski við köfnun?

Bryan Magee, Miklir heimspekingar. Hib, 2002: „[E]in af grundvallarkenningum eðlisfræði tuttugustu aldar [er] sú, að allt efni sé smættanlegt í orku – að orka sé frumþáttur efnisheimsins. Mér virðist að Leibniz hafi verið að reyna að láta í ljós eitthvað furðulega nálægt þessari hugmynd. Hann var að segja að allt efni sé gert úr virkniheigðum sem eru ekki sjálfar efniskenndar – og þetta er reyndar nokkuð sem við vitum nú að er rétt. En á sautjándu öld var eini orðaforði sem mönnum var tiltækur til að tala um efniskenndar miðstöðvar virkni orðaforði um hugi, sálir og anda. Og þennan orðaforða notaði Leibniz.“ (Bryan Magee, Miklir heimspekingar. Hib, 2002, s.112.)

Gottfried Wilhelm Leibniz. Orðræða um frumspeki, Hib, Rvk. 2004. Inngangur eftir Henry Alexander Henrysson: „Heimspeki L. kom því fram sem viðbragð, ef svo má segja, við þeim heimspekilega suðupotti sem sautjándu öldin var. Hann dreymdi leynt og ljóst um að reyna að afhjúpa og sameina það sem hann áleit vera rétt og satt í öllum þessum heimspekikerfum – sama hversu ósamræmanleg þau voru.....og lausn á – deilum kaþólikka og mótmælenda, efnishyggu Hobbes og tvíhyggju Descartes, vélhyggju nokkurra samtímaheimspekinga og markhyggju aristótélískrar skólaspeki. (23)

Samkvæmt þessari upptalningu fyrirgefst fólki í fyrstu þó það álíti að heimspeki L. Sé samsuðu ætluð til að þóknast sem flestum.....: hún sé hugarburður þar sem hver afleiðing hefur sína orsök og þar sem allt kemur að lokum heim og saman en hefur þó, þegar öllu er á botninn hvolft, lítil sem engin tengsl við raunveruleikann.....andlegur jafnoki Lockes og Newtons á þeirra ólíku sviðum.

.....megi sjá tvenns konar heimspekikerfi hjá L.þau kynna dálítið persónu hans í leiðinni. Annars vegar kemur fram hið bjartsýna, fjarstæðu- og ævintýrakennda sjónarhorn um að allt sé í besta lagi og að allt missætti og ósamkomulag byggist á misskilningi, og hins vegar hið alvörugefna, vísindalega og röklega sjónarhorn sem vill svara helstu og dýpstu gátum veruleikans. (s. 24)

„Eftir um 1680 varð hann þó æ sannfærðari um að efnislegir hlutir samanstæðu í raun ekki af efnislegum frumeiningum. Þessi skoðun nær hámarki í þeirri hughyggju sem Mónöðufræðin setja fram þar sem hinn efnislegi veruleiki er í raun samansetur, í einhverjum skilningi, af óefnislegum verundum, „mónöðum“, sem eru bókstaflega ekkert annað en skynjanir og langanir. Breytingarnar frá einni skynjun til annarrar orsakast af frumspekilegri innri virkni sem er grunnvöllur hins virka afls sem kemur fram í fyrirbærunum.“ (s. 30)

„Kjarni heimspeki L. Er að við sem skynsamur verundir getum öðlast skilning á ýmsum eilífum og nauðsynlegum sannindum.“ (s. 42) (Henry Alexander Henrysson: Georg Wilhelm Leibniz. Orðræða um heimspeki, Rvk. 2004. Inngangur, s. 44.)

Georg Wilhelm Leibniz. Orðræða um heimspeki, Rvk. 2004: „...þegar ég tók til við að hugsa um einingu sálar og líkama var líkt og ég hrektist aftur út á opið haf. Því að ég fann enga leið til að útskýra hvernig líkaminn geti flutt eitthvað yfir í sálina eða öfugt né hvernig ein verund geti átt samskipti við aðra skapaða verund. Hr. Descartes gaf leikinn á þessum stað, eftir því sem næst verður komist af ritum hans, en lærisveinar hans, sem sáu að hin almenna skoðun er óskiljanleg, töldu að við skynjuðum eiginleika líkamans vegna þess að guð skapaði hugsanir í sálinni þegar svo vill til að efnið hreyfist; og þegar sálin aftur á móti vill hreyfa líkamann, segja þeir að það sé Guð sem hreyfi hann fyrir hana. Og þar sem tilfærsla hreyfingar virtist þeim einnig óskiljanleg, héldu þeir að Guð léði einum líkama hreyfingu þegar svo vildi til að annar hreyfðist. Þetta kalla þeir kerfi tilefnisorsaka, ...“ Georg Wilhelm Leibniz. Orðræða um heimspeki, Rvk. 2004. (136-137)

„Í heimspeki verður að freista þess að sýna með hvaða hætti hin guðlega viska kemur hlutunum í verk, og skýra þá í samræmi við hugmynd þess viðfangsefnis sem um er fjallað.“ (137 til 138)

„Hið hverfula ástand sem felur í sér og sýnir hið marga í hinu eina eða í hinni einföldu verund er ekki annað en það sem við köllum skynjun sem þarf að greina frá áskynjun eða meðvitund,(149)

„...þá skoðun afvegaleiddra huga að sálin væri dauðleg.“ (149)

„Virkni hins innra lögmáls sem veldur breytingunni eða tilfærslunni frá einni skynjun til annarrar má kalla löngun; að vísu kemst löngunin ekki alltaf til fulls að allri skynjun sem hún beinist að, en hún nær alltaf einhverju og kemst að nýjum skynjunum.“ (150)

„Menn hljóta reyndar að fallast á að skynjunin, og það sem veltur á henni, verður ekki skýrð með vélhyggjurökum, þ.e.a.s. út frá lögun og hreyfingu.“ (s. 150)

„Markverur mætti kalla allar einfaldar verundir eða skapaðar mónöður, því að þær hafa til að bera ákveðna fullkomnun....., búa yfir eiginvirkni.... sem gerir þær að uppsprettu innri athafna sinna og svo að segja að ólíkamlegum sjálfhreyfiverum.“ (151)

„Ef við köllum sál allt það sem hefur skynjanir og langanir...gætu einfaldar verundir.....kallast sálir.....og að sálir kallist eingöngu þær sem hafa til að bera greinilegri skynjun ásamt minni.“ (s. 151)

„...skynjun getur aðeins komið til með eðlilegum hætti af annarri skynjun, eins og hreyfing getur aðeins komið til með eðlilegum hætti af annarri hreyfingu.“ (152)

„Minnið færir sálunum eins konar fylgni sem líkist skynseminni en ber að halda aðgreindri frá henni. Því við sjáum að þegar dýrin skynja eitthvað sem slær þau og þau hafa haft svipaða skynjun af áður.....hneigjast að svipuðum tilfinningum...“ (s. 153) „Mennirnir haga sér eins og dýrin (að þessu leyti)....“